



Alþingi
Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-12
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. apríl 2011
Tilvísun: 2011040104

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum, þskj. 949, 561. mál.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur vísar til tölvubréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags. 11. apríl 2011 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum, þskj. 949, 561. mál.

Almenn umsögn

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja. Að mati HER hefur ekki verið hugað nægjanlega vel að því að gæta samræmis við önnur lög, lagafrumvörp og reglugerðir við gerð þessa frumvarps. Ber þar fyrst að nefna lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og frumvarpi til laga um umhverfisábyrgð. Einnig telur HER að ákvæði frumvarpsins gætu stangast á við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eins þarf að athuga samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum. Loks telur HER að samræmi vanti milli frumvarpsins og skipulags- og mannvirkjalaga. Nauðsynlegt er að lagabreytingarnar séu í samræmi við önnur lög annars skapast óvissa um framkvæmd laganna. Fara verður gaumgæfilega yfir framkomnar athugasemdir og laga umrætt misræmi áður en frumvarpið verður að lögum. HER gerir einnig athugasemdir við það að ekki sé nægjanlega hugað að vörnum gegn mengun vatns í frumvarpinu. Vísanir vantar í sérlög og reglugerðir sem varða varnir gegn mengun vatns.

Umsögn um einstaka greinar

1. gr. frv. Skilgreiningar : HER telur að fara skuli yfir skilgreiningar í 1. gr. frv. til samræmingar við það sem fram kemur í öðrum lögum og reglugerðum. Hugtakið í lið 26., *Vatnsleg*, er að mati HER frekar flókið og ætti að líta til laga um stjórn vatnamála til að finna betri skilgreiningu á því.

56. gr. frv. Bann við óhreinkun vatns : Að mati HER gengur undanþáguheimild sú sem umhverfisráðherra er veitt skv. 1. mgr. 56. gr. frv. (83. gr. laganna) gegn markmiðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. HER ítrekar að gæta þurfi samræmis við önnur lög og reglugerðir þannig að markmið þeirra verði mögulega ekki gjaldfellt.





67. gr. frv. Heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum : Hér telur HER að of viðtæk heimild sé veitt til umferðar um vötn og vatnasvæði. Sé ákvæðið látið standa óbreytt er ljóst að aukin hætta verði á mengun vatns. Hér vantar aftur að gæta samræmis við önnur lög og reglugerðir. HER telur að þrengja þurfi heimild þessa verulega og leggur til að m.a. verði bætt við eftirfarandi texta: "*Um vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm vatnasvæði gildir þó að alfarið er bannað aka þar utan vega óháð því hvort jörð er frosin eður ei, nema með leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar.*"

69. gr. frv. Aðgæsluskylda og bætur fyrir tjón vegna umferðar um vötn : Þessa grein þarf að skoða í samræmi við fyrirhuguð lög um umhverfisábyrgð sem nú eru í vinnslu.

80. gr. frv. Eftirlit og úrræði : Þessa grein þarf að skoða í samræmi við fyrirhuguð lög um umhverfisábyrgð sem nú eru í vinnslu.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

